

Svona gerum við

er við þvoum okkar þvott...

Neytendasamtökin fá fjölmargar kvartanir vegna fatnaðar sem hefur hlaupið eða skemmt í þvotti eða í hreinsun. Vegna þessa er rétt að benda á það er ýmislegt sem hafa ber í huga þegar fót eru þvegin, þurrkuð eða hreinsuð.

Ágætt að hafa í huga:

- Þurrkið ekki hvít ullarföt úti í sól því þau geta gulnað.
- Látið ullarföt ekki liggja í bleyti og vindið þau gætilega, t.d. með því að leggja þau á handklæði og rúlla þeim upp og kreista varlega. Ekki er ráðlagt að hengja ullarföt upp á snúru; best er að leggja þau flöt á handklæði.
- Ef strik er undir balanum á þvottamerki þýðir það að þvo verður með meiri gætni en venjulega. Til dæmis ætti að þvo á styttra þvottakerfi (prógrammi) og þeytivinda í stuttan tíma.



- Bali með kross yfir þýðir að ekki má þvo flíkina



- Bómullarföt geta hlaupið en mismikið þó. Sum bómullarföt má sjóða án þess að nokkuð gerist á meðan sumar flíkur geta minnkað um eina stærð við þvott á 40°C. Ef um er að ræða nýja eða dýra bómullarflík getur borgað sig að þvo hana á 30°C.



Mikilvægt að þekkja þvottamerkin

Að gefnu tilefni er rétt að minna á mikilvægi þvottaleiðbeininga sem eru á öllum flíkum. Leiðbeiningastöð um ráðgjöf heimilanna, sem kvenfélögin reka, lét prenta spjald með góðum leiðbeiningum í samvinnu við Hagkaup. Spjaldið kostar 300 krónur og má panta í síma 552 1135 eða á leiðbeiningar@kvenfelag.is Tilvalið er að setja spjaldið upp við þvottavélina.

Palliettur þoldu ekki hreinsunina

Í einu máli sem Neytendasamtökunum barst var um var að ræða jakka sem á voru límdar palliettur. Þegar jakkinn fór í hreinsun bráðnuðu pallietturnar og dattu af. Jakkinn var þó merktur með P sem þýðir að

flíkin þolir ekki sterkara efni en perklór sem er algengasta hreinsiefnið í efnalaugum.

Málið var sent fyrir úrskurðarnefnd efnalauga og var niðurstaða nefndarinnar sú að jakkinn væri í raun rangt merktur. Þrátt fyrir að jakkann mætti hreinsa með perklór þoldi límið sem hélt pallietturnum á sínum stað ekki efnið og því dattu pallietturnar af og límið klíndist út í jakkann.

Setja 3 hreinsunarkerki



Hreinsun í perklór og terpentínu



Þolir öll venjuleg hreinsiefni



Má ekki hreinsa í efnalaug



Vottuð tekkhúsgögn

Algennt er að harðviður sé notaður í garðhúsgögn enda þolir slíkur viður vel raka og vætu. Því miður er oft gengið á mikilvægt og dýrmætt skóglendi við skógarhögg til að afla harðviðarins og þá jafnvel í óþökk íbúa viðkomandi svæðis. Til dæmis er tekkviður fluttur út frá Burma í stórum stíl þrátt fyrir að herstjórnin í landinu hagnist á viðskiptunum og nokkurs konar viðskiptabann eigi að ríkja á landið. Ólöglegur viður er því oft notaður í húsgögn án þess að neytendur, sem margir hverjir kæra sig lítt um að kaupa slíkan varning, hafi hugmynd um það.

Til að svara kröfum neytenda hafa óháð samtök, Forest Stewardship Council, komið á fót vottun sem húsgagnaframleiðendur geta sett á vörur sínar ef viðurinn er unninn úr nytjaskógi. Merkið er orðið þó nokkuð útbreitt og húsgögn sem bera merkið má finna í verslunum hér á landi. t.d. í Rúmfatatalgænum.